

## **142. þingflokksfundur, mánudaginn 30. nóvember 2015, kl. 13.**

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta, Björn Leví og Helgi Hrafn.

Alla ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt með breytingum. Ákveðið var að í fundargerðir verði skráð hvaða mál eru rædd, hvaða ákvörðun var tekin og hver ber ábyrgð á framkvæmd.

### **2. Dagskrá þingfundar.**

Farið var yfir dagskrá dagsins. Helgi fer í óundirbúnar fyrirspurnir og ræðir við innanríkisráðherra um eftirlit með lögreglu.

### **3. Bíf af forsætisnefndarfundi og fundi þingflokksformanna.**

Helgi Hrafn og Birgitta fóru yfir fundi forsætisnefndar og þingflokksformanna og áætlanir um dagskrá næstu viku.

### **4. Bríf úr nefndum**

Helgi brífaði úr fíkniefnanefndinni. Ekki voru fleiri bríf af nefndarfundum.

### **5. Fjárlagavinnan, samráð við minnihlutann og okkar hugmyndir**

Rætt var um fjárlagavinnuna, drög að tillögum minnihlutans og tillögur Pírata.

### **6. Stjórnarskráákvæðin**

Almenn umræða um vinnu stjórnarskrárnefndar.

### **7. Lín og skerðing vegna tekna**

Frestað til næsta fundar.

### **8. Varðandi kynferðisbrotamál**

Rætt var um erindi sem barst um viðbrögð vegna rangra sakargifta og refsingar í kynferðisbrotamálum.

### **9. Verklag þegar Birgitta er úti.**

Björn Leví kemur á þing meðan Birgitta er á loftslagsráðstefnunni í París.

### **10. Önnur mál**

Alla gerði grein fyrir erindi sem barst um fæðispeninga fanga. Hún skoðar málið nánar og lætur vita hvað kemur út úr því.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 14.40